

L Ö G

10

18. febr.

um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Íbúðarhúsnæði telst samkvæmt lögum þessum húsnæði, sem við gildistöku laganna er notað til íbúðar og er íbúðarhæft án verulegra endurbóta, samkvæmt vottorði heilbrigðisnefndar, enn fremur húsnæði, sem ætlað er til íbúðar, samkvæmt teikningu hlutaðeigandi húss, staðfestri af byggingaryfirvöldum, og hefur við gildistöku laga þessara ekki verið tekið til annarra afnota.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði, sbr. 1. gr., má aðeins nota til íbúðar. Önnur afnot slíks húsnæðis varða húseiganda sektum samkvæmt 4. gr. laga þessara. Sömu viðurlögum varðar einnig að halda ónotuðu íbúðarhúsnæði, sem kostur er á að leigja.

Húsnæðismálastjórn skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara verði framfylgt.

3. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að undanþiggja kaupstaði ákvæðum laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða 10000 til 1000000 króna sektum, er renna skulu í varasjóð hins almenna veðlánakerfis, samkvæmt lögum nr. 55 frá 20. maí 1955.

5. gr.

Með brot á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. febrúar 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.